

Kjördeildir í Sveitarfélaginu Árborg

Íbúum í Sveitarfélaginu Árborg hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og af þeim ástæðum er orðið æskilegt að gerðar verði breytingar á kjördeildum. Gott væri að ná niðurstöðu um slíkar breytingar á fundi bæjarstjórnar þann 9. júní næstkomandi þannig að þær taki gildi fyrir komandi alþingiskosningar. Mikilvægt er að breytingar á kjördeildum verði auglýstar mjög vel og tímanlega fyrir kosningar.

Til greina getur komið að færa bæi innan Sandvíkurhrepps og Tjarnarbyggðina í kjördeildir á Eyrarbakka og/eða Stokkseyri. Þetta gæti verið einfaldara og hagkvæmara en að bætt verði við kjördeild á Selfossi. Kjördeildir á Stokkseyri og Eyrarbakka geta, eins og málum er háttað, með góðu móti tekið við fleiri kjósendum en verið hefur, á Selfossi þyrfti hinsvegar að auka mönnun.

Mikilvægt er að fá formlega afstöðu yfirkjörstjórnar Svf. Árborgar áður en endanleg útfærsla yrði tekin til ákvörðunar í bæjarstjórn. Málið hefur þó verið reifað við yfirkjörstjórn og hlotið góðar undirtektir.

Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri